



VATNSENDASKÓLI

Nemendakönnun Skólapúlsins 2021-2022

Umbótaáætlun

Efnisyfirlit

Umbótaáætlun Vatnsendaskóla vegna nemendakönnunar Skólapúlsins 2021-2022.	3
Virkni nemenda	4
Skóla- og bekkjarandi	4

Umbótaáætlun Vatnsendaskóla vegna nemendakönnunar Skólapúlsins 2021-2022.

Vatnsendaskóli tekur þátt í nemendakönnun Skólapúlsins og eru það nemendur í 6. – 10. bekkjum sem taka þátt í könnuninni. Þeir þættir sem mældir eru snúa að virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsu nemenda og skóla- og bekkjaranda. Niðurstaða skólans á hverjum matsþætti er borin saman við samanlagða útkomu allra skóla sem taka þátt. Niðurstöður einstakra matsþátta eru í flestum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalníur (e. stanines). Staðalníur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig á staðalníukvarða ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Veturinn 2021-2022 voru 133 nemendur í úrtakinu og svöruðu 115 nemendur könnuninni eða 86,5%. Vatnsendaskóli kom mjög vel út úr könnuninni að þessu sinni og var um og yfir landsmeðaltali í öllum þáttum nema tveimur. Umbótaáætlun birtist hér fyrir neðan vegna þessara þátta.

María Jónsdóttir, skólastjóri Vatnsendaskóla.

Virgni nemenda

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Viðmið um árangur
Áhugi nemenda á unglingastigi á náttúrufræði	Að áhugi nemenda á náttúrufræði á unglingastigi aukist.	Rýnihópar með fulltrúum nemenda um náttúrufræði og hvernig hægt er að auka áhuga á henni.	Veturinn 2022-2023	Skólastjórnendur og kennarar	Árlega í janúar og júní í niðurstöðum nemendakönnunar skólapúlsins.	Breytt viðhorf nemenda á unglingastigi á náttúrufræði.

Skóla- og bekkjarandi

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Viðmið um árangur
Tíðni leiðsagnarmats	Að kennarar og nemendur ræði markvisst um námið, hvað gangi vel og hvað þarf að gera til að ganga betur.	Búinn er til grundvöllur fyrir samtal milli nemenda og kennara um nám nemenda, þ.e. hve vel nemendum gengur í náminu og hvað þarf að	Skólaárið 2022-2023	Skólastjórnendur og kennarar	Nemendakönnun skólapúlsins.	Nemendur upplifi að þeir fái leiðsögn um sitt nám.

		gera til að ganga betur í náminu.				
--	--	---	--	--	--	--